



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur 2025



Skýrsla stjórnar.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	9
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	12
Efnahagsreikningur.....	13
Yfirlit um sjóðstreymi.....	14
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu.....	15
Skýringar.....	16
Deildaskipt yfirlit.....	43
Kennitölur.....	46
Sundurliðanir á verðbréfum.....	52
Óendurskoðuð yfirlit:	
Ávöxtun eignasafna.....	57
Ófjárhagslegar upplýsingar.....	58
Stjórnarháttayfirlýsing.....	60
Fjárfestingarstefna Frjálsa lífeyrissjóðsins 2026 (útdráttur).....	62

Skýrsla stjórnar

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1978 og starfar samkvæmt leyfi frá Fjármálaráðuneytinu samkvæmt 52. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn starfaði eingöngu sem séreignarsjóður til 1. júlí 1999 þegar sjóðurinn stofnaði tryggingadeild. Sjóðurinn hentar þeim sem geta valið um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skylduiðgjöld sín og öllum þeim sem vilja greiða viðbótariðgjöld í sjóðinn. Sjóðfélögum hefur frá ársbyrjun 2008 boðist að velja á milli fjögurra fjárfestingarleiða séreignardeildar sem eru með mismunandi fjárfestingarstefnu sem geta falið í sér mismunandi áhættu og ávöxtun.

Sjóðfélagar, ávöxtun og eignir

Í lok árs 2025 voru sjóðfélagar 75.214 og fjölgaði þeim um 2.574 á árinu en heildarfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld í sjóðinn á árinu var 28.478 samanborið við 27.726 á fyrra ári. Hrein eign sjóðsins nam 594,6 milljörðum kr. og stækkaði sjóðurinn um 61,8 milljarða kr. eða um 11,6%. Hrein eign fjárfestingarleiða í séreignadeild var 393,0 milljarðar kr. og hrein eign tryggingadeildar var 201,5 milljarðar kr. Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda námu 37,0 milljörðum kr. og jukust um 6,2% á milli ára og heildarlífeyrisgreiðslur námu tæpum 13,9 milljörðum kr. og hækkuðu um 21,5% á milli ára. Heildarlífeyrisgreiðslur, án tillits til tímabundinna útgreiðslna og ráðstöfunar inn á höfuðstól lána, sbr. bráðabirgðaákvæði laga hækkuðu um 23,5%. Yfirlit um helstu þætti einstakra leiða er sem hér segir:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild Markaðsvirði	Trygginga-deild Bókfært virði
Nafnávöxtun	5,8%	7,0%	8,6%	6,0%	6,7%	6,9%
Meðaltal nafnávöxtunar sl. 5 ára	7,0%	6,4%	6,3%	7,3%	6,5%	7,5%
Meðaltal nafnávöxtunar sl. 10 ára.....	7,4%	6,8%	6,3%	7,5%	7,0%	7,2%
Raunávöxtun	2,0%	3,2%	4,7%	2,2%	2,9%	3,1%
Meðaltal raunávöxtunar sl. 5 ára.....	0,9%	0,2%	0,1%	1,1%	0,4%	1,3%
Meðaltal raunávöxtunar sl. 10 ára.....	2,9%	2,3%	1,9%	3,0%	2,5%	2,7%
Hrein eign í milljónum króna	267.872	50.436	68.104	6.634	201.534	201.534
Fjöldi sjóðfélaga/rétthafa	59.146	8.786	9.192	985		58.314
Fjöldi sem greiddi í sjóðinn á árinu	21.916	3.165	3.182	748		21.861
Meðalfj. sem greiddi í sjóðinn á árinu	17.355	2.590	2.724	593		17.582
Fjöldi lífeyrisþega	2.359	582	1.761	32		4.420

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild
Markhópur	54 ára og yngri	55 ára og eldri	Lífeyris-þegar	Áhættu-sæknir	Allir
Fjárfestingarstefna 2024:					
Innlend skuldabréf og innlán	34%	64%	100%	22%	46%
Innlend hlutabréf	13%	6%	0%	23%	8%
Innlendar sérhæfðar fjárfestingar	6%	3%	0%	4%	4%
Erlend skuldabréf og innlán					
í erlendum gjaldeyri	3%	3%	0%	1%	4%
Erlend hlutabréf	34%	18%	0%	43%	28%
Erlendar sérhæfðar fjárfestingar	10%	6%	0%	7%	10%
	100%	100%	100%	100%	100%

Þróun markaða og ávöxtun

Þær fjárfestingarleiðir sem eru með hátt hlutfall í skuldabréfum skiluðu hæstu ávöxtun á árinu en nafnávöxtun fjárfestingarleiða var á bilinu 5,8% til 8,6% sem skilar raunávöxtun á bilinu 2,0% til 4,7%.

Markaðsaðstæður síðustu ára undirstrika mikilvægi þess að vera með dreift eignasafn til þess að standast sveiflur á mörkuðum. Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggur upp úr því að fjárfesta í ólíkum eignaflokkum, atvinnugreinum og landsvæðum til þess að dreifa áhættu sem mest.

Stýrivextir voru 7,25% í lok árs eftir að hafa lækkað um 1,25 prósentustig og verðbólgan nánast staðist í stað milli ára. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa lækkaði almennt yfir árið í takt við efnahagsleg áföll. Hækkun verðbólgu í desember stöðvaði þó lækkunarþróun kröfunnar að hluta. Þrátt fyrir þessar sveiflur var breyting kröfu og verðþróun skuldabréfa í heild nokkuð stöðug á árinu, og ávöxtun ríkisskuldabréfa skilaði nafnávöxtun á bilinu 4,57% til 8,78%, þar sem styttri bréfin skiluðu hærri ávöxtun en þau

Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands (OMX15CAP) sýndi í heildina litla breytingu milli ára. Þrátt fyrir það einkenndist árið af talsverðum sveiflum, þar sem vísitalan lækkaði töluvert í apríl í kjölfar tollastefnu Donalds Trumps. Í kjölfarið náði markaðurinn þó að rétta úr kútnum og endaði vísitalan árið nær óbreytt.

Frammistaða einstakra félaga var engu að síður mjög misjöfn. Marktækur munur kom fram á ávöxtun félaga, þar sem Arion banki skilaði bestu niðurstöðunni á árinu en Alvotek þeirri slökustu.

Erlendir hlutabréfmarkaðir héldu áfram að sýna sterka þróun á árinu 2025 þrátt fyrir áframhaldandi óvissu í alþjóðahagkerfinu, geopolítísk átök og pólitíska áhættu. Heimsvísitala hlutabréfa (MWXO) hækkaði um 19,5% í bandaríkjadöllum en 7,8% mælt í íslenskum krónum. Ávöxtun hefur verið drifin áfram af fáum stórum tæknifyrirtækjum, þar sem væntingar um áframhaldandi vöxt, þróun og aukna nýtingu gervigreindar hafa verið lykilþættir.

- **Frjálsi Áhætta**, sem áhættumesta fjárfestingarleið sjóðsins, skilaði 6,0% nafnávöxtun en fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 7,3% á ársgrundvelli.
- **Frjálsi 1**, sem er elsta, stærsta og fjölmennasta fjárfestingarleið sjóðsins, skilaði 5,8% nafnávöxtun á árinu en fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 7,0% á ársgrundvelli.
- **Frjálsi 2** skilaði 7,0% nafnávöxtun á árinu en fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 6,4% á ársgrundvelli.
- **Frjálsi 3** skilaði 8,6% nafnávöxtun á árinu en fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 6,3% á ársgrundvelli.
- **Tryggingadeild** sjóðsins skilaði 6,7% á árinu miðað við að skuldabréf sjóðsins séu gerð upp á markaðsvirði. Fimm ára nafnávöxtun leiðarinnar er 6,5% á ársgrundvelli.

Fjárfestingarstefna 2026

Síðustu ár hefur áhersla verið lögð á að auka hlutfall og dreifingu erlendra eigna en á móti hefur jafnan verið dregið úr vægi innlendra eigna. Í fjárfestingarstefnu fyrir árið 2026 er þessari vegferð haldið áfram þar sem helstu breytingar eru þær að vægi erlendra eigna hækkar í Frjálsa 1 og Frjálsa 2, einkum vegna aukningar í erlendum hlutabréfum. Á móti lækkar vægi innlendra skuldabréfa og innlána og erlendra skuldabréfa í leiðum Frjálsa 1 og Frjálsa 2.

Í fjárfestingarstefnu Frjálsa áhættu eru helstu breytingarnar þær að vægi innlendra skuldabréfa og innlána lækkar, erlendar sérhæfðar fjárfestingar hækka og erlend hlutabréf lækka lítillega. Eignir í Frjálsa 3 eru einungis byggðar upp á innlendum skuldabréfum og innlánum og innan skuldabréfaflokkanna eru gerðar minniháttar breytingar.

Í fjárfestingarstefnu tryggingadeildar fyrir árið 2026 lækkar vægi innlendra skuldabréfa og erlendra skuldabréfa, en á móti hækkar vægi erlendra hlutabréfa og erlendra sérhæfðra fjárfestinga.

Erlend hlutabréf og erlendar sérhæfðar fjárfestingar þykja áhættumeiri en innlend skuldabréf og má því segja að áhættustig hafi verið aukði lítillega, en þó mismikið eftir fjárfestingarleiðum. Breytingarnar eru til þess fallnar að stuðla að hærri langtímaávöxtun en þó má um leið gera ráð fyrir auknum sveiflum í skammtímaávöxtun.

Tryggingafræðileg staða

Í árslok 2025 voru eignir tryggingadeildar umfram áunnar skuldbindingar (áunnin staða) -5,8%, núvirt framtíðariðgjöld umfram núvirtar framtíðarskuldbindingar (framtíðarstaða) 2,9% og heildareignir umfram heildarskuldbindingar (heildarstaða) -1,6%. Heildarstaða segir til um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins og fæst með því að leggja saman áunna og framtíðarstöðu sjóðsins. Áunna staðan lækkaði um 1,0 prósentustig á milli ára, framtíðarstaðan hækkaði um 0,1 prósentustig og heildarstaðan lækkaði um 0,5 prósentustig. Heildarstaðan er innan hámarks vikmarka sem lög mæla fyrir um svo ekki þarf að gera breytingar á réttindum sjóðfélaga.

Lækkun á áunnu stöðunni skýrist fyrst og fremst af því að raunávöxtun deildarinnar náði ekki 3,5% en við útreikning á skuldbindingum er gert ráð fyrir 3,5% raunávöxtun en réttindi sjóðfélaga og þar með skuldbindingar sjóðsins eru að fullu verðtryggðar. Auk þess voru örorkulífeyrisgreiðslur hærri en gert er ráð fyrir í forsendum tryggingafræðilegrar athugunar.

Áhrif málefna ÍL-sjóðs á eignir Frjálsa lífeyrissjóðsins

Lífeyrissjóðir höfðu samstarf við að gæta hagsmuna sinna í viðræðum við stjórnvöld um lyktir ÍL sjóðs og leituðu utanaðkomandi ráðgjafar frá lögmannsstofunni Logos og fjármálafyrirtækinu Arctica Finance. Í lögfræðilítili frá Logos kemur fram að fyrirhuguð lagasetning fjármálaráðherra um gjaldþrot eða sambærileg skuldaskil ÍL-sjóðs fari í bága við stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu. Slíkt inngrip fæli í sér eignarnám eða annars konar skerðingu eignarréttinda sem færi í bága við stjórnarskrá og skapaði íslenska ríkinu bótaskyldu gagnvart skuldabréfaeigendum. Enn fremur kemur fram í álitinu að ákveði fjármálaráðherra að slíta sjóðnum með þeim afleiðingum að kröfur á hendur þrotabúinu falli í gjalddaga muni íslenska ríkið ótvírætt bera ábyrgð á núverandi og framtíðarskuldbindingum samkvæmt skilmálum skuldabréfanna ásamt dráttarvöxtum. Róbert R. Spanó, fyrrverandi forseti Mannréttindadómstóls Evrópu, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og gestaprófessor við lagadeild Oxford háskóla í Bretlandi hefur staðfest niðurstöður Logos.

Þrátt fyrir sterk lagaleg rök gegn framvindu málsins setti ríkið fram áform um lagasetningu í lok mars 2023 sem leiddi síðan til þess að drög að lagafrumvarpi um slit ógjaldfærra opinberra aðila voru birt í október 2023. Logos skilaði umsögn fyrir hönd lífeyrissjóða bæði um áformin og síðan lagafrumvarpið þar sem haldið var á lofti þeirri meginröksemd að framtíðaravöxtun HFF-bréfanna teljist til stjórnarskrárvarinna eignarréttinda sem ekki væri hægt að fella niður bótalaust.

Sem andsvar við athugasemdum sem komu fram við frumvarpið í samráðsgátt stjórnvalda fól fjármálaráðuneytið þremur fyrrverandi hæstaréttardómurum að gera minnisblað sem birt var í desember 2023. Niðurstaða minnisblaðsins var að athugasemdirnar gæfu ekki tilefni til breytinga á sjálfum frumvarpsdrögunum eins og þau voru birt í samráðsgátt en í einhverjum tilfellum gæfu ábendingar sem komu fram í umsagnarferlinu tilefni til frekari skýringa í greinargerð við frumvarpsdrögin.

Logos var falið að rýna minnisblað fjármálaráðuneytisins sem fékk til liðs við sig Róbert R. Spanó sem skilaði niðurstöðu 15. febrúar 2024. Róbert komst að þeirri niðurstöðu að lagafrumvarpið feli í sér eignarnám eða bótaskylda skerðingu eignarréttar á þeim kröfuréttindum sem leiða af skuldabréfum útgefnum af sjóðnum, og að það fullnægi ekki þeim kröfum um lagafyrirmæli, almenningsþörf og fullt verð sem stjórnarskrá og Mannréttindadómstóll Evrópu gerir ráð fyrir.

Þann 23. febrúar 2023 tilkynntu Fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ÍL-sjóðs og íslenska ríkisins, og fulltrúar 18 lífeyrissjóða, þ.m.t. Frjálsa lífeyrissjóðsins, sem saman fara með stærstan hluta skuldabréfa sem ÍL-sjóður er útgefandi að, að ákveðið hefði verið að hefja viðræður um uppgjör á skuldabréfum sjóðsins. Viðræðurnar skiluðu síðan tillögum að uppgjöri sem kynntar voru opinberlega þann 10. mars 2025.

Í stuttu máli fólu tillögunar í sér að íbúðabréfin HFF150434 og HFF150644 yrðu gerð upp á ávöxtunarkröfu sem næmi um 32bp álagi ofan á vaxtaferil verðtryggðra ríkisskuldabréfa. Í staðinn fyrir íbúðabréfin fengju eigendur þeirra átta nýja verðtryggð ríkisskuldabréfaflokka með lokagjalddaga 2029-2050, einn óverðtryggðan ríkisskuldabréfaflokk með lokagjalddaga 2032 og fjóra flokka markaðsskuldabréfa auk reiðufjár í Evrum og íslenskum krónum. Hlutfall ríkisskuldabréfa í uppgjörssafninu yrði um 85% þannig að afhentar væru eðlislíkar eignir.

Tillögunar voru síðan samþykktar á fundi skuldabréfaeigenda HFF – flokkanna þann 10. apríl 2025. og fór endanlegt uppgjör fram með afhendingu eigna þann 12. júní 2025. Í töflu hér að neðan má sjá muninn á endanlegu uppgjörsvirði sem er þá markaðsvirði afhentra eigna, reiknað m.v. 3. júní 2025, og kröfuvirði HFF – skuldabréfa sjóðsins sama dag en hann var um 1.860 m.kr. eða um 0,33% af eignasafni Frjálsa.

	Uppgjörsvirði skv. tillögu (*)		Kröfuvirði		Mismunur	Sem hlutfall af eignasafni
	HFF150434	HFF150644	HFF150434	HFF150644		
Frjálsi áhætta.....	72.869	133.307	72.728	126.079	7.369	0,12%
Frjálsi 1.....	2.377.905	11.836.126	2.373.322	11.194.327	646.382	0,26%
Frjálsi 2.....	863.525	2.354.981	861.861	2.227.285	129.360	0,29%
Frjálsi 3.....	1.484.694	1.670.482	1.481.833	1.579.902	93.441	0,15%
Tryggingadeild.....	2.815.165	18.044.116	2.809.739	17.065.697	983.845	0,54%
	7.614.158	34.039.012	7.599.483	32.193.290	1.860.397	0,33%

(*) Allar fjárhæðir eru miðaðar við markaðsvirði eigna 3. júní 2025.

Þróun sjóðfélagalána

Nýjum lánveitingum fjölgaði á milli ára. Á árinu voru afgreidd 562 lán að fjárhæð 20.128 milljónir kr. en árið 2024 var fjöldi lána 274 að fjárhæð 8.144 milljónir kr. Af nýjum lánum voru 52% verðtryggð og 48% óverðtryggð. Uppgreiðslur námu 10.907 milljónum kr. vegna 514 lána.

Vegna dóma hæstaréttar á árinu 2025 þar sem var fjallað um skilmála lána Íslandsbanka, Landsbankans og Arion banka hefur Frjálsi hætt tímabundið að veita sjóðfélagalán með verðtryggðum breytilegum vöxtum. Endurgerð skilmála lána sjóðsins hefur verið í vinnslu og stefnt á að opna fyrir lánveitingarnar við fyrsta tækifæri.

Sameining Frjálsa lífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Á árinu 2025 var undirritaður samningur um sameiningu Frjálsa lífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands (LTFÍ). Sameiningin var samþykkt á sjóðfélagafundi LTFÍ og Samkeppniseftirlitið veitti sjóðunum undanþágu til að framkvæma samrunann á meðan eftirlitið fjallaði um hann með tilvísun í 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Með sameiningunni tekur Frjálsi lífeyrissjóðurinn yfir öll réttindi og skyldur gagnvart sjóðfélögum Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands m.v. lok árs 2025. Stærð sjóðsins í lok árs 2024 var um 11 milljarðar kr. Sameiningin er liður í því að styrkja rekstrargrundvöll sjóðanna, efla eigna- og áhættustýringu og bæta þjónustu við sjóðfélaga. Stjórn Frjálsa þakkar LTFÍ það traust sem sjóðurinn sýndi Frjálsa með því að óska eftir sameiningu sjóðanna.

Sameiningarviðræður við Lífeyrissjóð bænda

Á árinu 2025 undirrituðu stjórnir Frjálsa lífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðs bænda viljayfirlýsingu um að hefja formlegar viðræður um mögulega sameiningu sjóðanna. Ákvörðunin var tekin í kjölfar mats tryggingastærðfræðings sjóðanna á fýsileika sameiningar. Markmið viðræðnanna er að nýta stærðarhagkvæmni, styrkja eigna- og áhættustýringu, lækka hlutfallslegan rekstrarkostnað og bæta þjónustu og upplýsingagjöf til sjóðfélaga. Við undirritun ársreiknings var viðræðum sjóðanna ekki lokið.

Alþjóðleg viðurkenning – IPE verðlaun

Á árinu 2025 hlaut Frjálsi lífeyrissjóðurinn alþjóðlega viðurkenningu þegar sjóðurinn var valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í þemaflokknum Defined Contribution and Hybrid Strategies af fagtímaritinu Investment & Pensions Europe (IPE). Þetta var í annað sinn sem sjóðurinn hlýtur verðlaun í þessum þemaflokki og í sextánda sinn sem Frjálsi lífeyrissjóðurinn hlýtur viðurkenningu frá IPE. Um er að ræða virtustu verðlaun sem sjóðurinn hefur fengið. Verðlaunin eru gríðarleg viðurkenning fyrir þá samsetningu lífeyrissparnaðar sem Frjálsi býður sjóðfélögum sínum þar sem 15,5% skylduiðgjaldsins er skipt í séreign og samtryggingu. Sjóðfélagar njóta þess að séreignin, sem getur verið allt að 76% af skylduiðgjaldinu, veitir erfanleika og sveigjanleika en samtryggingin mikilvæga tryggingavernd.

Framúrskarandi þjónusta við sjóðfélaga

Mikil áhersla er lögð á að veita sjóðfélögum framúrskarandi þjónustu í gegnum fjölbreyttar þjónustuleiðir.

Framþróun hefur átt sér stað á undanfórnum árum í stafrænum lausnum með tilkomu Frjálsa í Arion appið. Sjóðfélagar hafa í nokkur ár getað nálgast upplýsingar um sinn lífeyrissparnað og framkvæmt aðgerðir tengdar honum hvenær sem þeim hentar í appinu. Mikil ásókn hefur verið í sjálfsafgreiðsluleiðir og óhætt er að segja að lífeyrismál hafi færst nær sjóðfélögum með þessari þróun.

Í febrúar 2026 var bætt við aðgerð sem gerir sjóðfélögum kleift að sækja um útgreiðslu á bundinni séreign í appinu. Þar með er hægt að sækja um útgreiðslur fyrir allar tegundir séreignar í appinu ásamt því að hefja töku eftirlauna úr tryggingadeild.

Arion appið er opið öllum og sjóðfélagar þurfa ekki að vera í bankaviðskiptum við Arion til þess að geta nýtt sér einstaka yfirsýn og aðgerðir tengdar lífeyrismálum í appinu.

Ásamt því að geta nýtt sér kosti appsins stendur sjóðfélögum persónuleg þjónusta til boða. Lífeyrisráðgjafar svara síma og netspjalli alla virka daga frá kl. 10 til 15. Netspjallið hefur reynst vel við einfaldari fyrirspurnum. Auk þess er mögulegt að bóka fund hjá ráðgjafa, hvort sem um er að ræða fjar-, símtals- eða staðfund. Þegar útgreiðslualdur nálgast kjósa margir að bóka sér tíma. Fundir eru bókaðir fyrirfram og þannig er dregið úr biðtíma og gæði þjónustunnar verða meiri en ella. Símtals- og fjarfundir hafa komið sér vel þar sem sjóðfélögum gefst kostur á að eiga samtal við ráðgjafa óháð staðsetningu.

Stjórnarkosningar

Kosning í stjórn Frjálsa fór fram með rafrænum hætti og stóð yfir í viku og lauk á ársfundardegi. Kosningu í aðalstjórn til þriggja ára hlutu Elín Þórðardóttir, Elías Jónatansson og Haraldur Pálsson. Kosningu í varastjórn til þriggja ára hlaut Egill Örn Sigþórsson.

Rekstrarkostnaður

Umsýsluþóknun sjóðsins til Arion banka fyrir rekstur og eignastýringu sjóðsins skiptist í árlega hlutfallsþóknun af hreinni eign og árlega fasta þóknun sem breytist í hlutfalli við breytingu á vísitölu fjármála- og váttryggingastarfsemi (undirvísitala vísitölu launa). Umsýsluþóknun ársins 2025 nam 829,4 milljónum kr. eða 0,15% af meðalstöðu hreinnar eignar sjóðsins. Auk þess greiddi sjóðurinn vörsluþóknun til rekstraraðila og nam hún 46,2 milljónum kr.

Stjórn sjóðsins hefur það markmið að hlutfallsþóknun umsýsluþóknunar lækki eftir því sem sjóðurinn stækkar. Á árinu sömdu Frjálsi og Arion á ný um umsýsluþóknun sjóðsins með breyttu fyrirkomulagi. Umsýsluþóknunin er ákveðið hlutfall af hreinni eign sjóðsins og lækkar á hverju ári eftir því sem sjóðurinn stækkar. Þannig njóta sjóðfélagar lægri kostnaðar eftir því sem sjóðurinn stækkar þannig að meira af ávöxtun sjóðsins skili sér til þeirra.

Hreinar fjárfestingartekjur sjóðsins námu 37.536 milljónum kr. samanborið við 54.773 milljónum kr. árið áður. Umsýsluþóknun sjóðsins ásamt öðrum rekstrarkostnaði nam 1.018,5 milljónum kr. eða 0,18% af hreinni meðaleign sjóðsins á árinu 2025.

Laun og aðrar þóknanir

Framkvæmdastjóri sjóðsins er eini starfsmaður sjóðsins en daglegum rekstri og eignastýringu er útvistað til Arion banka. Laun og launatengd gjöld starfsmanns, stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 95,8 milljónum kr. Þóknun til ytri endurskoðanda nam 9,8 milljónum kr., þóknun til innri endurskoðanda nam 4,0 milljónum kr. og þóknun til tryggingastærðfræðings sjóðsins nam 6,1 milljón kr.

Stjórnarhættir

Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hefur til hliðsjónar leiðbeiningar um góða stjórnarhætti sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Stjórn hefur útbúið stjórnarháttayfirlýsingu fyrir árið 2025 sem er birt í heild sinni í viðauka við ársreikning sjóðsins en henni er ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sóðnum, upplýsa haghafa um stjórnarhætti sjóðsins og uppfylla kröfur í reglum FME um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Frjálsi lífeyrissjóðurinn telst til eininga tengdum almannahagsmunum skv. lögum um ársreikninga nr. 3/2006 með síðari breytingum. Í lögunum kemur fram að í yfirliti með skýrslu stjórnar skuli fylgja upplýsingar sem nauðsynlegar séu til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gerð grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum. Yfirlitið með ófjárhagslegum upplýsingum er að finna í viðauka í ársreikningnum

Staðfesting ársreikningsins

Stjórn og framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 26. mars 2026

Stjórn

Ásdís Eva Hannesdóttir, formaður stjórnar
Magnús Pálmi Skúlason, varaformaður stjórnar
Anna Sigríður Halldórsdóttir, stjórnarmaður
Björn Ingi Victorsson, stjórnarmaður
Elías Jónatansson, stjórnarmaður
Elín Þórðardóttir, stjórnarmaður
Haraldur Pálsson, stjórnarmaður

Framkvæmdastjóri

Arnaldur Loftsson

Skýrsla stjórnar

Rafrænar undirritanir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Frjálsa lífeyrissjóðsins („sjóðinn“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu tryggingadeildar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2025 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga eininga tengdum almannahagsmunum á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðislegar skyldur okkar í samræmi við þessar reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og við erum óháð sjóðnum við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á ársfundi sjóðsins þann 13. maí 2019 og höfum verið endurskoðendur sjóðsins samfelld síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á ársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur	Viðbrögð í endurskoðuninni
Mat fjárfestinga Bókfært verð fjárfestinga nam 587.268 millj. kr. eða 98% af heildareignum þann 31. desember 2025 (2024: 520.843 millj. kr.). Vísað er til skýringar 2.8 og í skýringu 7 um fjárfestingar. Meðal fjárfestinga eru hlutabréf, hlutdeildarskírteini, skuldabréf og bundnar bankainnstæður. Sjóðurinn setur sér fjárfestingarstefnu þar sem meðal annars er fjallað um samsetningu verðbréfa og vikmörk einstakra eignaflokka. Fjárfestingarnar eru ýmist færðar á gangvirði, upphaflegri kaupkröfu eða samkvæmt virðisáðferð, þar sem breytur byggja á markaðsupplýsingum og ytri gögnum. Vegna umfangs og mikilvægis fjárfestinga og að hluti þeirra er færður á ytra matsvirði þá er mat þeirra lykilþáttur í endurskoðuninni.	Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að staðfesta matsvirði fjárfestinga. Í þeirri vinnu fólst meðal annars: • Aflað var upplýsinga um fjárfestingarferilinn og aðferðafræði og forsendur við mat eigna. • Staðfest var markaðsgengi á úrtaki skráðra verðbréfa með aðstoð gagnaveitna. • Metnar voru aðferðir og útreikningur sjóðsins á óskráðum fjárfestingum. • Framkvæmdir voru sjálfstæðir útreikningar af verðmatssérfræðingi okkar á verðmæti úrtaks skuldabréfa sem færð eru á gangvirði eða haldið til gjalddaga. • Skýringar í ársreikningi vegna fjárfestinga voru yfirfarnar, þar á meðal stigskipting gangvirðis.

Áritun óháðs endurskoðanda

Lykilþættir endurskoðunar, frh.

Lykilþáttur	Viðbrögð í endurskoðuninni
Mat á lífeyrisskuldbindingu tryggingadeildar Lífeyrisskuldbinding tryggingadeildar nam 413.894 millj. kr. í árslok 2025 (2024: 368.106 millj. kr.). Tryggingafræðileg staða í árslok 2025 nam -1,6% þar sem skuldbindingar voru umfram endurmetnar eignir, eða sem nemur 6.536 millj. kr. (2024: -1,1% eða 4.097 millj. kr.). Vísað er í yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu og skýringu 11.4. Tryggingafræðileg staða segir til um getu sjóðsins til að standa við lífeyrisskuldbindingar sínar. Útreikningurinn er framkvæmdur af óháðum tryggingastærðfræðingi og byggir á forsendum sem gefnar hafa verið út af Félagi Íslenskra Tryggingastærðfræðinga og samþykktar af Fjármálaráðuneyti. Vegna mikilvægis tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins er lífeyrisskuldbinding lykilatriði í endurskoðuninni.	Endurskoðun á tryggingafræðilegri stöðu fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum: • Við lögðum mat á óháði og hæfni tryggingastærðfræðings. • Aflað var upplýsinga um verklag við útreikninga tryggingastærðfræðings. • Farið var yfir verklag sjóðsins við endurútreikning tryggingafræðilegrar skuldbindingar og tryggingafræðilegt endurmat verðbréfa. • Framkvæmdar voru greiningaraðgerðir á þróun lífeyrisskuldbindingar, forsendum og niðurstöðum. • Við yfirförum yfirlit um tryggingafræðilega stöðu og skýringu 11.4 í ársreikningi og staðfestum að framsetning væri í samræmi við reglur. • Við framkvæmdum endurútreikning á úrtaki á tryggingafræðilegu endurmati verðbréfa.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Hrafnhildur Helgadóttir, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 26. mars 2026

KPMG ehf.

Hrafnhildur Helgadóttir
endurskoðandi

Ársreikningur Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2025 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Iðgjöld	2.4;3		
Iðgjöld sjóðfélaga		11.819.767	10.986.501
Iðgjöld launagreiðenda		25.133.565	23.797.608
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		1.885.539	665.032
		<u>38.838.871</u>	<u>35.449.141</u>
Sérstök aukaframlög		153	136.531
		<u>38.839.024</u>	<u>35.585.672</u>
Lífeyrir	2.5;4		
Heildarfjárhæð lífeyris	4.1	(11.886.787)	(9.609.278)
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs	4.2	(195.884)	(173.652)
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	4.3	(12.152)	(10.600)
Viðbótariðgjöldum ráðstafað inn á höfuðstól lána eða til öflunar íbúðarhúsnæðis	4.4	<u>(1.811.210)</u>	<u>(1.650.101)</u>
		<u>(13.906.033)</u>	<u>(11.443.631)</u>
Hreinar fjárfestingartekjur	2.6;5		
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	5.1-2	15.418.214	34.157.548
Hreinar tekjur af skuldabréfum	5.3-4	22.166.735	20.588.780
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		869	921
Aðrar fjárfestingartekjur:			
Vaxtatekjur og gengismunur af handbæru fé		310.447	392.469
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		33.716	46.865
Ýmsar fjárfestingartekjur		8.160	947
Fjárfestingargjöld	5.5-5	<u>(402.146)</u>	<u>(414.396)</u>
		<u>37.535.995</u>	<u>54.773.134</u>
Rekstrarkostnaður	2.7;6		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(686.721)	(624.625)
		<u>(686.721)</u>	<u>(624.625)</u>
Hækkun á hreinni eign á tímabilinu		61.782.265	78.290.550
Hrein eign frá fyrra ári		<u>532.799.462</u>	<u>454.508.913</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>594.581.727</u>	<u>532.799.463</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Fjárfestingar	2.8;7		
Eignarhlutar í félögum og sjóðum	7.1	301.252.665	266.187.576
Skuldabréf	7.2-3	285.999.450	254.640.650
Bundnar bankainnstæður	2.8 e)	15.442	14.573
		<u>587.267.557</u>	<u>520.842.799</u>
Kröfur	2.9;8		
Kröfur á launagreiðendur		2.095.517	1.842.245
Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar tekjur		83.309	156.823
Aðrar kröfur		184.706	2.607.702
	8.1	<u>2.363.532</u>	<u>4.606.770</u>
Handbært fé			
Handbært fé	2.10	8.561.772	8.395.502
Eignir samtals		<u>598.192.861</u>	<u>533.845.071</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir	2.11;9		
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur		(1.625.846)	(1.032.732)
Aðrar skuldir		(1.985.288)	(12.876)
	9.1	<u>(3.611.134)</u>	<u>(1.045.608)</u>
Skuldir samtals		<u>(3.611.134)</u>	<u>(1.045.608)</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>594.581.727</u>	<u>532.799.463</u>
Skuldbindingar utan efnahags	11.1		

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Inngreiðslur			
Löggjöld	3	39.101.218	35.254.966
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		343.964	450.101
Aðrar inngreiðslur		42.745	48.733
		<u>39.487.927</u>	<u>35.753.800</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir	4	(13.771.104)	(11.452.398)
Rekstrarkostnaður	6	(670.487)	(413.559)
Aðrar útgreiðslur		(402.175)	(414.410)
		<u>(14.843.766)</u>	<u>(12.280.367)</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		<u>24.644.161</u>	<u>23.473.433</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		4.563.824	2.782.119
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(71.719.728)	(59.180.563)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		52.040.916	40.352.449
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		16.827.462	15.692.265
Keypt skuldabréf		(63.623.299)	(53.369.992)
Seld skuldabréf		37.466.173	31.795.032
Bundin innlán, breyting		(869)	(921)
		<u>(24.445.521)</u>	<u>(21.929.611)</u>
Hækkun á handbæru fé		198.640	1.543.822
Gengismunur af handbæru fé		(32.370)	(57.619)
Handbært fé í ársbyrjun		8.395.502	6.909.299
Handbært fé í lok árs		<u>8.561.772</u>	<u>8.395.502</u>

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu tryggingadeildar árið 2025

Tryggingafræðileg staða

Skýr

31.12.2025

Eignir

Hrein eign til greiðslu lífeyris	201.534.494	0	201.534.494
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	630.695	0	630.695
Núvirði framtíðariðgjalda	0	205.192.748	205.192.748
Eignir samtals	202.165.189	205.192.748	407.357.937

Skuldbindingar

Ellilífeyrir	177.111.882	164.619.248	341.731.130
Örorkulífeyrir	28.392.751	25.339.274	53.732.025
Makalífeyrir	6.916.302	4.724.729	11.641.031
Barnalífeyrir	228.023	1.135.390	1.363.413
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	1.880.348	3.545.943	5.426.291
Skuldbindingar samtals	214.529.306	199.364.584	413.893.890

Eignir umfram skuldbindingar	(12.364.117)	5.828.164	(6.535.953)
------------------------------------	--------------	-----------	-------------

Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	(5,8%)	2,9%	(1,6%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	(4,8%)	2,8%	(1,1%)

31.12.2024

Eignir

Hrein eign til greiðslu lífeyris	178.535.011	0	178.535.011
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	2.170.550	0	2.170.550
Núvirði framtíðariðgjalda	0	183.302.817	183.302.817
Eignir samtals	180.705.561	183.302.817	364.008.378

Skuldbindingar

Ellilífeyrir	156.799.805	146.517.023	303.316.828
Örorkulífeyrir	24.933.265	22.942.849	47.876.114
Makalífeyrir	6.180.681	4.331.703	10.512.384
Barnalífeyrir	183.763	1.086.108	1.269.871
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	1.766.504	3.363.827	5.130.331
Skuldbindingar samtals	189.864.018	178.241.510	368.105.528

Eignir umfram skuldbindingar	(9.158.457)	5.061.307	(4.097.150)
------------------------------------	-------------	-----------	-------------

Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	(4,8%)	2,8%	(1,1%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	(8,8%)	1,5%	(3,5%)

1. Almennar upplýsingar um sjóðinn

Frjálsi lífeyrissjóðurinn skiptist í fjórar séreignardeildir, eina tryggingadeild og eina sameiginlega deild sem tekur við iðgjöldum frá launagreiðendum. Sameiginlega deildin ráðstafar iðgjöldum á deildir sjóðsins í samræmi við samninga sjóðfélaga. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og með hliðsjón af lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Frjálsi lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. Reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við Reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða og lög nr. 3/2006 um ársreikninga að undanskildu yfirliti um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins, sem birt er í ársreikningi sjóðsins. Í undantekningartilfellum er vikið frá framsetningarformi samkvæmt viðauka 1 í reglunum, þegar upphæðir undirliða teljast óverulegar og eru þær þá felldar inn í aðra undirliði. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum.

2.2 Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins.

2.3 Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

2.4 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa kröfu á sjóðinn. Ógreidd iðgjöld hjá tryggingadeild í lok ársins eru færð til eignar sem krafa á launagreiðendur.

2.5 Lífeyrir

Undir lífeyri falla greiðslur séreignardeilda og tryggingadeilda til sjóðfélaga og skiptast þær í ellilífeyri, makalífeyri, örorkulífeyri, barnalífeyri og annan lífeyri. Jafnframt fellur lífeyrir sem greiddur er út á grundvelli bráðabirgðaákvæðis laga um útgreiðslu lífeyris hér undir auk viðbótariðgjalda sem ráðstafað er inn á lán eða til öflunar íbúðarhúsnæðis. Auk þessa er beinn kostnaður sem fellur til vegna örorkulífeyrisúrskurða og gjalds til starfsendurhæfingarsjóðs.

2.6 Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að fráðregnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður á Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris sem og áfallinn gengismunur á eignir í lok árs.

a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Undir hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og sölutap svo og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum og sjóðum, bæði vegna breytinga á gangvirði bréfanna og gengi gjaldmiðla.

b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að fráðregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga, annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu nr. 5.5 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur og verðbætur af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

2.6 Hreinar fjárfestingartekjur, frh.

c) Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið eru færð hluti þóknunar til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins í samræmi við rekstrarsamning þar um. Laun starfsmanna rekstraraðila sem sinna daglegum rekstri og eignastýringu sjóðsins eru innifalin í umsýsluþóknun sem er greidd til rekstraraðila samkvæmt samningi.

2.7 Rekstrarkostnaður

Undir þennan lið fellur allur kostnaður vegna reksturs sjóðsins, annar en sá hluti þóknunar til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins sem færður er meðal fjárfestingargjalda. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til.

2.8 Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar í skilningi laga. Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum og bundnum bankainnstæðum.

Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og yfirfara þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

a) Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar, aðrir en útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem haldið er til gjalddaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem sjóðurinn tilgreinir að verði haldið til gjalddaga eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í lok tímabils, en gangvirði annarra fjárfestinga í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu nr. 7.5. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um stigskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

b) Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

c) Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði verðbréf sem eru á afskrifuðu kostnaðarverði og gangvirði. Undir þennan flokk falla jafnframt útlán. Skuldabréf og útlán á afskrifuðu kostnaðarverði eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Í skýringu nr. 7.2 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

d) Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

Við mat á útlánum og skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladegi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Varúðarframlög vegna tapsáhættunnar eru færð á niðurfærslureikning sem dreginn er frá stöðu skuldabréfa og útlána til sjóðfélaga á reikningsskiladegi.

e) Bundnar bankainnstæður

Undir bundnar bankainnstæður er færður sá hluti innlána í bönkum sem bundin eru til lengri tíma en þriggja mánaða.

2.9 Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Á hverjum reikningsskiladegi eru kröfur metnar með hliðsjón af tapsáhættu og færðar í afskriftarreikning samkvæmt niðurstöðu slíks mats. Varúðarniðurfærslan er færð til lækkunar á viðkomandi lið í efnahagsreikningi og gjaldfærð undir önnur gjöld í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris eftir því sem við á.

2.10 Handbært fé

Handbært fé er fært í efnahagsreikningi á gangvirði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.

2.11 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna liðins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

2.12 Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á reikningsskiladegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna.

Reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015 kveða á um að eignir og skuldir í erlendri mynt skulu umreiknaðar á opinberu gengi sem Seðlabanki Íslands auglýsir, kaupgengi fyrir eignir og sölugengi fyrir skuldir sbr. 32. reglnanna. Sú breyting tók gildi þann 1. apríl 2020 að Seðlabanki Íslands birtir aðeins miðgengi gjaldmiðla. Með hliðsjón af því eru eignir og skuldir lífeyrissjóða í erlendri mynt því umreiknaðar miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands.

Meðalgengi Seðlabanka Íslands og gengi í lok ársins var eftirfarandi:

	Mynt	Meðalgengi		Lokagengi	
		2025	2024	31.12.2025	31.12.2024
Evra.....	EUR	144,65	149,31	147,20	143,90
Bandaríkjadalur.....	USD	128,37	137,93	125,20	138,20
Japanskt jen.....	JPY	0,86	0,91	0,80	0,88
Norsk króna.....	NOK	12,35	12,85	12,45	12,21
Sænsk króna.....	SEK	13,07	13,07	13,61	12,57
Dönsk króna.....	DKK	19,38	20,02	19,71	19,30

2.13 Áhættustjórnun

